Lykilupplýsingaskjal

Tilgangur: Þetta skjal veitir lykilupplýsingar um þessa fjárfestingavöru. Þetta er ekki markaðsefni. Það er skylda að lögum að veita þessar upplýsingar til að auðvelda þér að skilja eðli, áhættu, kostnað, mögulegan ávinning og tap af þessari vöru og auðvelda þér að bera hana saman við aðrar vörur.

Vara

Janus Henderson Horizon Global Technology Leaders Fund A2 USD ISIN: LU0070992663

Undirsjóður Janus Henderson Horizon Fund, SICAV-sjóðs í Lúxemborg í umsjón **Janus Henderson Investors Europe S.A.**, dótturfyrirtækis Janus Henderson Group Ltd. Sjóðurinn hefur starfsleyfi í Lúxemborg og lýtur eftirliti Commission de Surveillance du Secteur Financier („CSSF"). Fjárfestingastjóri sjóðsins hefur starfsleyfi í Lúxemborg og lýtur reglum CSSF-fjármálaeftirlitsins og nýtir sér rétt til að stunda viðskipti yfir landamæri innan EES samkvæmt tilskipun um verðbréfasjóði til þess að hafa umsjón með sjóðnum milli landamæra og markaðssetja sjóðinn innan Evrópusambandsins. Nánari upplýsingar fást á www.janushenderson.com eða með því að hringja í +352 26 43 77 00. Þetta skjal er dagsett 6. nóvember 2026.

Hvaða vara er þetta?

Tegund

Janus Henderson Horizon Global Technology Leaders Fund er undirsjóður Janus Henderson Horizon Fund, opins fjárfestingarfélags sem heyrir undir lög Lúxemborgar. Janus Henderson Horizon Fund flokkast sem verðbréfasjóður (UCITS).

Tímabil

Þessi fjárfesting hefur engan binditíma. Framleiðandi hefur í einstökum kringumstæðum rétt á að slíta sjóðnum, eins og segir í útboðslýsingunni.

Markmið

Sjóðurinn stefnir á höfuðstólsaukningu til lengri tíma. Afkomumarkmið: Að gera betur en vísitölurnar MSCI CWI Information Technology Index + MSCI ACWI Communication Services Index, eftir frádrátt gjalda, á fimm ára tímabili. Sjóðurinn fjárfestir a.m.k. 90% af eignum sínum í verðbréfasafni (hlutabréfaeign) og hlutabréfatengdum verðbréfum í fyrirtækjum af hvaða stærð sem er, sem eru tæknitengd eða hafa hagnað af tækni, í hvaða landi sem er. Eignasafnið getur verið samþjappað hvað varðar fjölda eignarhluta þess og/eða stærð stærstu eignarhluta þess. Sjóðurinn kann einnig að fjárfesta í öðrum eignum, þar á meðal ríkisskuldabréfum í fjárfestingarflokki, handbæru fé og peningamarkaðsbréfum. Fjárfestingarstjórinn kann að nota afleiðusamninga (flókna fjármálagerninga) til að draga úr áhættu eða til hagræðingar í rekstri sjóðsins. Sjóðurinn er undir virkri stjórn með hliðsjón af vísitölunum MSCI ACWI Information Technology Index + MSCI ACWI Communication Services Index (saman kallað „vísitalan"), sem er almennt dæmigerð fyrir þau fyrirtæki sem hann kann að fjárfesta í, þar sem þetta myndar grundvöll að afkomumarkmiði sjóðsins. Fjárfestingarstjórinn getur að eigin vild valið fjárfestingar fyrir sjóðinn með annað vægi en vísitalan eða sem eru ekki í vísitölunni, sem getur leitt til veigamikils munar á afkomu milli sjóðsins og vísitölunnar. Fjárfestingarstjóri mun leitast við að halda gildum umhverfis- og samfélagsmála og góðra stjórnunarhátta (ESG) við stjórnun sjóðsins, sem getur falið í sér að útiloka útgefendur sem fjárfestingastjórinn telur að gætu haft neikvæð áhrif á slíka þætti, eins og lýst er nánar í útboðslýsingunni. Sjóðurinn stuðlar að umhverfis- og/eða félagslegum þáttum eins og þeir eru skilgreindir í 8. grein reglugerðar um sjálfbæra fjármögnun og upplýsingagjöf (SFDR). Þessi hlutdeildarflokkur aflar tekna sem er haldið innan hlutdeildarflokksins. Þú getur keypt, selt eða skipt hlutdeildarskírteinum í sjóðnum alla opna viðskiptadaga eins og tilgreint er í útboðslýsingu sjóðsins. Vörsluaðili sjóðsins er BNP Paribas, Lúxemborgarútibú.

Fyrirhugaður almennur fjárfestir

Fjárfestar sem skilja áhættur, leitast eftir ávöxtun af tæknimiðaðri fjárfestingu og sem vilja fjárfesta fjármunum sínum í að minnsta kosti fimm ár. Sjóðnum er ætlað að vera aðeins einn þáttur í dreifðu fjárfestingasafni og er ekki ætlaður fyrir fjárfesta sem ekki eru tilbúnir til að samþykkja meira en lágmarkstap af fjárfestingunni.

Hver er áhættan og hvað fengi ég í staðinn?

Áhættuvísir

Minni áhætta 1 2 3 4 **5** 6 7 Meiri áhætta

Í áhættuvísinum er gert ráð fyrir að þú eigir vöruna í 5 ár. Raunveruleg áhætta gerur verið verulega breytileg ef selt er snemma og þú gætir borið minna úr býtum.

Samantekinn áhættuvísir er til leiðbeiningar um áhættustig þessarar vöru í samanburði við aðrar. Hann sýnir hve líklegt er að varan tapi peningum vegna hreyfinga á markaði eða vegna þess að við getum ekki borgað þér.

Við höfum flokkað þessa vöru sem 5 af 7, sem er miðlungs hár áhættuflokkur.

Hugsanlegt tap af framtíðarárangri er samkvæmt þessu miðlungsmikið til mikið og slæmar markaðsaðstæður hafa líklega áhrif á getu framleiðanda pakkaðrar og vátryggingatengdrar fjárfestingarafurðar til að greiða þér.

Ef gjaldmiðill vörunnar er annar en gjaldmiðill heimalands þíns gildir eftirfarandi: Vertu meðvituð/-aður um gjaldmiðlaáhættu Þú færð greiðslur í öðrum gjaldmiðli og því verður arðsemin háð genginu á milli gjaldmiðlanna tveggja. Ekki er gert ráð fyrir þeirri áhættu í ofangreindum vísi. Í sumum aðstæðum gætir þú þurft að borga meira til að borga fyrir tap.

Þessi vara felur ekki í sér neina vörn gegn markaðsframmistöðu í framtíðinni og því gætir þú tapað hluta af eða allri fjárfestingu þinni.

Takist okkur ekki að borga það sem skuldað er, gætir þú tapað allri fjárfestingu þinni.

Upplýsingar um alla viðeigandi áhættu er að finna í útboðslýsingu sjóðsins á www.janushenderson.com.

Sviðsmyndir frammistöðu

Það hve mikið þú færð af þessari vöru fer eftir markaðsframmistöðu í framtíðinni. Markaðsþróun í framtíðinni er óviss og ekki er hægt að spá fyrir um hana með vissu.

Þær óhagstæðu, hóflegu og hagstæðu sviðsmyndir sem sýndar eru byggja á verstu, miðlungs og bestu afkomu vörunnar á a.m.k. 10 síðustu árum. Markaðir kunna að breytast með mjög ólíkum hætti í framtíðinni.

Ráðlagður haldtími: 5 ár

Dæmi um fjárfestingu: USD 10.000

Sviðsmyndir		Ef þú selur eftir 1 ár	Ef þú selur eftir 5 ár
Lágmark	**Það er engin tryggð lágmarksarðsemi. Þú gætir tapað hluta af eða allri fjárfestingu þinni.**		
Álag	**Hvað þú gætir borið úr býtum eftir kostnað**	2.700 USD	2.000 USD
	Arðsemi að meðaltali á ári	-73,01%	-27,52%
Óhagstætt	**Hvað þú gætir borið úr býtum eftir kostnað**	6.150 USD	12.660 USD
	Arðsemi að meðaltali á ári	-38,48%	4,83%
Miðlungs	**Hvað þú gætir borið úr býtum eftir kostnað**	11.970 USD	19.730 USD
	Arðsemi að meðaltali á ári	19,67%	14,56%
Hagstætt	**Hvað þú gætir borið úr býtum eftir kostnað**	15.920 USD	29.470 USD
	Arðsemi að meðaltali á ári	59,19%	24,13%

Sýndar tölur fela í sér allan kostnað vörunnar sjálfrar, en það getur verið að þær feli ekki í sér allan kostnað sem þú þarft að greiða ráðgjafa þínum eða söluaðila. Tölurnar fela ekki í sér skattastöðu þína, en gætu haft áhrif á hve mikið þú berð úr býtum.

Álagssviðsmyndin sýnir hvað þú gætir borið úr býtum við öfgakenndar aðstæður á markaði.

Óhagstæða sviðsmyndin átti við um fjárfestingu á milli júlí 2025 og ágúst 2026.

Hóflega sviðsmyndin átti við um fjárfestingu á milli apríl 2017 og apríl 2022.

Hagstæða sviðsmyndin átti við um fjárfestingu á milli desember 2016 og desember 2021.

Hvað gerist ef Janus Henderson Investors Europe S.A. getur ekki greitt út?

Þú gætir orðið fyrir fjárhagstjóni ef framleiðandinn eða vörsluaðilinn, BNP Paribas, Lúxemborgarútibú, lendir í vanskilum. Ekkert þóknunar- eða ábyrgðarkerfi er til staðar sem gæti staðið straum af slíku tapi, öllu eða að hluta til.

Hver er kostnaðurinn?

Sá einstaklingur sem ráðleggur þér um eða selur þessa vöru kann að leggja á önnur gjöld. Ef svo er mun sá einstaklingur láta þig fá upplýsingar um þann kostnað og hvernig hann hefur áhrif á fjárfestinguna þína.

Kostnaður með tímanum

Í töflunum eru þær upphæðir sem teknar eru af fjárfestingu þinni til að greiða fyrir ýmsan kostnað. Upphæðirnar ráðast af hve mikið þú fjárfesti og hve lengi þú átt hana. Upphæðirnar sem sýndar eru hér byggja á dæmi um upphæð fjárfestingar og mismunandi möguleg tímabil fjárfestingar.
Við höfum gert ráð fyrir að:
- Á fyrsta árinu fengir þú aftur upphæðina sem þú fjárfestir (0 % annual return). Hvað varðar önnur haldtímabil höfum við gert ráð fyrir að varan standi sig eins og sýnt er í miðlungs sviðsmyndinni.
- USD 10.000 er fjárfest.

	Ef þú selur eftir 1 ár	Ef þú selur eftir 5 ár
Kostnaður alls	728 USD	3.521 USD
Áhrif af árlegum kostnaði (*)	7,3%	3,8% á ári

(*) Þetta sýnir hvernig kostnaður minnkar ávöxtun þína á haldtímanum. Til dæmis sýnir það að ef þú selur á þeim tíma sem mælt er með er því spáð að ársávöxtun þín verði að meðaltali 18,4% fyrir kostnað 14,6% eftir kostnað.

Við kunnum að deila hluta af kostnaðinum með þeim einstaklingi sem selur þér vöruna fyrir þá þjónustu sem við veitum þér. Sá einstaklingur mun upplýsa þig um upphæðina.

Samsetning kostnaðarins

Einskiptiskostnaður við kaup eða sölu		Ef þú selur eftir 1 ár
Kaupkostnaður	5,00% er hámarksupphæðin sem þú greiðir þegar þú skuldbindir þig fyrir þessari fjárfestingu og þú gætir greitt minna. Ef þú fjárfestir í gegnum þriðja aðila mun söluaðilinn upplýsa þig um raunverulegan kostnað.	Allt að 500 USD
Sölukostnaður	Gjald sem nemur allt að 1,00% kann að vera innheimt í tilfellum þar sem sjóðsstjóra grunar að fjárfestir stundi óhófleg viðskipti (einkum þegar áskriftir vara í innan við 90 daga).	0 USD
Viðverandi kostnaður [innheimtur árlega]		
Umsjónargjöld og annar kostnaður vegna umsýslu eða rekstrar	1,87% er áætlaður kostnaður við stjórnum, umsýslu og rekstur sjóðsins.	187 USD
Viðskiptakostnaður	0,41% er áætlaður kostnaður við kaup og sölu okkar á fjárfestingum fyrir sjóðinn. Endanleg upphæð fer eftir því hve mikið við kaupum og seljum.	41 USD
Tilfallandi kostnaður við tilteknar aðstæður		
Afkomugjöld	Árangurstengd þóknun er ekki innheimt fyrir þennan hlutdeildarflokk.	0 USD

Hve lengi ætti ég að eiga og get ég tekið peningana út fyrr?

Ráðlagður haldtími: 5 ár

Sjóðurinn flokkast sem meðallöng fjárfesting eða langtímafjárfesting. Það merkir 5 ár eða meira. Raunveruleg áhætta getur verið breytileg ef selt er snemma. Gjöld kunna að vera innheimt fyrir að ganga úr sjóðnum á sjóðstímanum. Sjá upplýsingar um gjöld í töflunni „Samsetning kostnaðarins“. Þú getur selt hlutdeildarskírteini í sjóðnum alla opna viðskiptadaga eins og tilgreint er í útboðslýsingunni með einni af þeim leiðum sem lýst er í henni.

Hvernig get ég kvartað?

Ef þú vilt senda inn kvörtun getur þú gert það með því að hafa samband við okkur með tölvupósti eða bréfapósti. Tölvupóstur: JHIESAComplaints@janushenderson.com. Bréfpóstur: Janus Henderson Investors Europe S.A., Attn: Complaints handling officer, 78, Avenue de la Liberté, L-1930 Luxembourg, Lúxemborg. Reglur um meðhöndlun kvartana er að finna á vefsvæði okkar, www.janushenderson.com.

Aðrar viðeigandi upplýsingar

Til að nálgast ársskýrslur/hálfsársskýrslur, sem eru gefnar út og gerðar fjárfestum aðgengilegar lögum samkvæmt, eða sjá síðasta útgefna verðið á hlutdeildarskírteinum í sjóðnum og fyrir allar frekari upplýsingar skaltu fara á www.janushenderson.com. Skjölin eru ókeypis og fáanleg á ensku og tilteknum öðrum tungumálum frá Janus Henderson Investors Europe S.A. á 78, Avenue de la Liberté, L-1930 Luxembourg, Lúxemborg, eða skrifstofu staðbundins fulltrúa. Finna má upplýsingar um fyrri sviðsmyndir frammistöðu og frammistöðugögn síðustu 10 ára á vefsvæði okkar á www.janushenderson.com.

Janus Henderson
INVESTORS